

Fjallabyggð



Grænir styrkir

Reglur Fjallabyggðar um úthlutun styrkja til umhverfisverkefna

1. gr. Hlutverk

Bæjarráð/ Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar auglýsir einu sinni á ári styrki til umhverfisverkefna – grænna verkefna og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Fjallabyggðar ár hvert.

2. gr. Markmið styrkveitinga

Að styðja við aðila sem vinna að umhverfisverkefnum í Fjallabyggð, samfélaginu til heilla.

3. gr. Umsækjendur

Einstaklingar og félög sem eiga lögheimili í Fjallabygg geta fengið úthlutaðan Grænum styrk Fjallabyggðar. Jafnframt þurfa tilgreind félög að vera með starfsemi sína í sveitarfélaginu. Áskilið er að umsækjandi hafi átt lögheimili í sveitarfélaginu í minnst undangengna tólf mánuði samfleytt á móttökudegi umsóknar og lögheimilisfestan sé einnig til staðar og hafi verið óslitin þegar kemur að útgreiðslu umhverfisstyrks.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf sem og öðrum þáttum verkefnisins.

4. gr. Skilyrði

Skilyrði styrks er að hann nýtist samfélaginu í Fjallabyggð, framkvæmdin sé ekki til einkanota.

Bæjarráð/ Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar er heimilt að veita Grænan styrk Fjallabyggðar til verkefna sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Framkvæmdir sem til þess eru fallnar að bæta umhverfismál innan sveitarfélagsmarka Fjallabyggðar.
- Framkvæmdir sem eru til þess fallnar að draga úr orkunotkun, mengun, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða er ætlað að bæta fyrir orkunotkun, mengun og/eða losun innan sveitarfélagsmarka Fjallabyggðar.
- Framkvæmdir sem bæta ástand og útlit opinna svæða eða fólkvanga innan sveitarfélagsmarka Fjallabyggðar
- Framkvæmdir sem eru sambærilegar þeim sem taldar eru upp í töluliðum 1. – 3. 3. gr.

5. gr. Umsóknarferli

Sótt skal um styrki rafrænt á heimasíðu Fjallabyggðar „Mín Fjallabyggð“ á þar til gerðu eyðublaði þar sem eftirfarandi kemur fram:

- Greinargóð lýsing á verkefninu, markmið og tilefni umsóknar
- Gildi verkefnisins fyrir samfélagið í Fjallabyggð þ.m.t. hverjum nýtist verkefnið?
- Samstarfsaðilar ef einhverjir eru.
- Áætlun um framkvæmd þar með skil á greinargerð
- Kostnaðar- og tekjuáætlun
- Verk-og tímaáætlun
- Upplýsingar um aðstandendur / lögaðila
- Upphæð sem sótt er um

Auglýst skal eftir umsóknum um styrki að hausti með allt að þriggja vikna umsóknarfresti.

Úthlutun fer fram í janúar ár hvert og skal tilkynna umsækjendum skriflega um niðurstöðu umsóknar og birta lista yfir úthlutaða styrki á heimasíðu Fjallabyggðar.

6. gr. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið nýtist samfélaginu í Fjallabyggð og með hvaða hætti það bætir umhverfið.
- Hversu stórum hópi verkefnið nýtist.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, hvort aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd og hvort verkefnið muni laða að frekara fjármagn
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Bæjarráð / skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Ófullnægjandi umsóknum er vísað frá.

Samþykkt á 220. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar

10. október 2022